

Nd.

140. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Á sama hátt skal greiða úr ríkissjóði móti þeim aukaframlögum, sem sveitar-sjóðir og vegafélög kunna að leggja í sýsluvegasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að gera þeim héruðum, sem hafa sýsluvegasjóð, auðveldara fyrir að ljúka nauðsynlegum vegum, sem eru í lagningu. Á það sér stað, að einstaka hreppar eða vegafélög óska heldur að leggja fram meira fé en vegaskattinum nemur til þess að fá vegarspotta fulllagða. Er þá sanngjarnt, að ríkissjóður leggi einnig fé á móti slíkum framlögum á sama hátt og vegaskattinum.